

Tillögur starfshóps - samantekt

Málefni: framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi, mat á húsnæðisþörf skólans til næstu 30 ára og í hvaða skrefum væri hægt að uppfylla þá þörf.

Þann 29. maí 2017 skipaði byggðarráð Húnaþings vestra Guðnýju Hrund Karlsdóttur sveitarstjóra, Jennýju Þórkötu Magnúsdóttur sviðsstjóra fjölskyldusviðs, Sigurð Þór Ágústsson skólastjóra grunnskóla í starfshóp um framtíðarsýn húsnæðis Grunnskóla Húnaþings vestra. Þórunn Helga Þorvaldsdóttir skólastjóri leikskólans sat fundi og tók þátt í vinnu starfshópsins.

Fundir voru haldnir samkvæmt vinnuáætlun sem sett var í upphafi starfsins. Fyrst var leitað í smíðju Reykjanesbæjar um vinnuferli og samráð við íbúa og þau góðu ráð aðlöguð að vinnuferli hópsins.

Að frumgreiningu lokinni voru kallaðir til hagsmunaaðilar til rýnivinnu og undirbúnings íbúafundar. Þar var lagt kapp á að velta sem flestum steinum við, sumt var útilokað fljótlega, annað tekið til nánari skoðunar.

Hagsmunaaðilar:

Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir fulltrúi kennara grunnskólans

Hulda Signý Jóhannesdóttir fulltrúi annarra starfsmanna grunnskólans

Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúi leikskólans

Borghildur Haraldsdóttir fulltrúi foreldra

Sigrún Eva Þórisdóttir fulltrúi mötuneytis

Magnús Magnússon fulltrúi fræðsluráðs

Elínborg Sigurgeirsdóttir fulltrúi tónlistarskóla

Haldnir voru 12 fundir, þar af fjórir með hagsmunaaðilum. Afrakstur þessarar vinnu var kynntur á íbúafundi þar sem um 80 íbúar mættu og hann tekinn til umræðu á 6 vinnuborðum. Þar var rætt hvort eitthvað vantaði í hugmyndirnar og hvaða skoðun íbúar hafa á þeim forgangi sem ætti að ráða för við framkvæmd framtíðarsýnar um húsnæði skólans.

Niðurstaða þessarar vinnu um húsnæðisþörf og í hvaða skrefum væri hægt að uppfylla hana er eftirfarandi:

1. Matsalur, salerni og aðstaða fyrir handþvott. Gert verði ráð fyrir fullbúnu eldhúsi þó það verði fyrst útbúið sem framreiðslueldhús.
2. Tónlistarkennslustofur fyrir tónlistarskóla.
3. Anddyri, nýtt rými fyrir fatnað og skó.
4. Kennslustofur, s.s tónmennt, tölvur, myndmennt, náttúrufræði.
5. Frístundastarf, fullbúin aðstaða en skoða þarf nánar hvort það geti samrýmt félagsmiðstöð.
6. Önnur rými, s.s. geymslur, skrifstofur skólastjórnenda, viðtalsherbergi.
7. Tónlistarskóli verði allur í eða við húsnæði grunnskólans.

Nánari útlistun á hverjum lið fyrir sig má sjá í samantekt hér á eftir.



1. Matsalur - eldhús

- Hannað verði framleiðslueldhús þó að í upphafi verði það einungis búið tækjum til að framreiða mat.
- Huga þarf að aðstöðu í eldhúsi til að fullvinna matvæli, geyma þau og undirbúa. Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að geyma lager af þurrvöru, frystivöru, kælivöru og annan búnað.
- Kanna þarf kosti þess að gera ráð fyrir kæli- og frysiklefum í stað stakra skápa m.t.t. rekstrarkostnaðar og vinnuhagræðis.
- Starfsmannaaðstaða í eldhúsi geri ráð fyrir vinnufatnaði, yfirhöfnum, persónulegum munum, seturými, síma, tölvu og gögnum vegna pantana og skipulags.
- Eldhús þarf að hafa góða aðstöðu til að bera fram mat en jafnframt að hægt verði að loka eldhús af til að útiloka hávaða frá mataraðstöðu vegna vinnslu eða uppvask.
- Huga þarf að rými í matsal og/eða eldhúsi til að geyma diskarekka, glasavagn, og ílát undir amboð.
- Vörumóttaka þarf að vera góð og aðgengileg fyrir matvæli og aðrar vörur fyrir skólann. Huga þarf að vindáttum, skjóli og hálkuvörnum við móttöku frá götu. Aðgengi inn að öðrum rýmum skólans þarf að vera hindrunarlaust frá vörumóttöku án þess að skarast á við kröfur um hreinlæti eða mengunarhættu við vinnslu matvæla.
- Mataraðstaða nemenda uppfylli kröfur um hljóðvist í margmennu rými og stærð taki mið af því að allir nemendur geti komið á sal við minni og styttri viðburði.
- Mataraðstaða nemenda verði hluti af alrými þar sem gott aðgengi er að salernum með möguleikum á sófum eða borðum til dægrastyttingar.
- Sérstaklega þarf að útfæra aðstöðu fyrir handþvott nemenda m.t.t. bleytu sem getur borist á gólf.

2. Tónlistarskólakennslustofur

- Hannaðar verði tvær hljóðeinangrandi kennslustofur fyrir tónlistarskóla.
- Stærð taki mið af því að eðlilegt pláss sé fyrir hefðbundin hljóðfæri af helstu gerðum í hvorri stofu og þær rúmi allt að 4 nemendur í kennslu.
- Gert verði ráð fyrir persónulegum munum og gögnum kennara.

3. Anddyri

- Hannað verði anddyri sem þjóni hlutverki aðalinngangs skólans.
- Huga þarf að vindáttum, skjóli og hálkuvörnum frá götu.
- Anddyri sé hannað til þess að geyma föt og skófatnað fyrir 200 nemendur. Miðað er við að ef nemendur verða fleiri verði snagar fyrir útiföt við skólastofur eins og þekkist í öðrum skólum.
- Hugað verði að því að miðstöðvarofnar verði undir/við snaga til að þurrka blaut föt sem hengd eru upp.
- Anddyri sé hannað þannig að sem minnstur snjór, bleyta eða óhreinindi berist inn í skólann og hindrað verði að bleyta/snjór sem lekur af fatnaði og skóm geri nemendum erfitt fyrir að ganga um án þess að verða blautir í fætur.



4. Kennslustofur

- Hljóðeinangruð tónmenntastofa þar sem gert verði ráð fyrir geymslu/skápum fyrir minni hljóðfæri, aðstöðu fyrir kennslugögn og slaghörpu. Hugað verði að hljómburði vegna hópsöngs og tónlistarflutnings á stafrænu formi.
- Tölvustofa þar sem gert verði ráð fyrir borðtölvum til einstaklingsvinnu þar sem kennari hefur yfirsýn á alla skjái. Einnig verði aðstaða til hópavinnu með snjalltæki. Þá verði gert ráð fyrir margskonar möguleikum á tæknivinnu, s.s. þrívíddarprentara, rafíhlutum, myndvinnslu eða upptökum og annars konar tölvustýrðum búnaði. Huga þarf að geymslum, skápum eða hirslum fyrir snjalltæki og búnað með möguleika á rafhleðslu.
- Myndmenntastofa þar sem gert verði ráð fyrir aðstöðu til gerðar mynd- og skúlptúrverka. Huga þarf að aðstöðu fyrir muni nemenda í vinnslu, efnislager og loftræstingu.
- Náttúrufræðistofa þar sem gert verði ráð fyrir vinnuaðstöðu þar sem nemendur geti unnið standandi og sitjandi. Hugað verði að skápum eða geymslum fyrir áhöld og efni. Huga þarf að loftræstingu og góðu aðgengi að vöskum.

5. Frístundastarf.

- Hönnuð verði aðstaða í húsnæði skólans sem uppfyllir viðmið samkvæmt drögum að markmiðum og viðmiðum um starf frístundaheimila frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
- Meginhlutverk frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn er að bjóða þeim innihaldsríkt frístundastarf/tómstundastarf samhliða skyldunámi í öruggu umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.
- Staðsetning frístundastarfs í skólanum taki mið af góðri yfirsýn yfir leiksvæði nemenda á skólalóð og nálægð við útgönguleið á skólalóð.
- Huga þarf að geymslum eða hirslum fyrir ritföng og leikföng.
- Skoða þarf hvort aðstaða frístundastarfs geti samrýmt afdrepi nemenda í frímínútum og starfsemi félagsmiðstöðvar.

6. Önnur rými

- Geymsla fyrir námsgögn og kennslubúnað.
- Geymsla fyrir útileikföng, snjóblásara og léttitæki með aðgengi að leiksvæði/helstu gönguleiðum. (Athuga þarf hvort geymsla fyrir útileikföng henti í rými við frístundastarf og hvort geymsla fyrir snjóblásara/léttitæki geti samrýmt vörumóttöku).
- Skrifstofa skólastjóra.
- Skrifstofa aðstoðarskólastjóra.
- Skólahjúkrunarfræðingur/sálfræðingur.
- Viðtalsherbergi/fundarrými.
- Móttökurými/ritari.
- Skólabókasafn. Gert ráð fyrir að það verði hluti af opnu rými.
- Sérkennslustofur/námsver.



Sveitarstjórn 14.12.2017.
Guðný Hrund Karlsdóttir

7. Tónlistarskóli

- Hannað verði rými sem rúmar allt starf tónlistarskólans í eða við grunnskólann.
- Hljóðfærageymsla.
- Skrifstofa tónlistarskólastjóra.
- Vinnuaðstaða tónlistarkennara (kanna þarf hvort hún rúmast með vinnuaðstöðu grunnskólakennara sem fyrir er í skólanum).



Sveitarstjórn 14.12.2017.
Guðný Hrund Karlsdóttir

Byggingarmagn og kostnaðarþættir

Byggingarmagn

Gróf áætlun um rýmisþörf		
Rými	fermetrar	
	lágmark	hámark
Anddyri	70	100
Frístund	50	80
Fullbúið eldhús	60	60
Geymslur fyrir kennslugögn	20	20
Geymslur fyrir stærri áhöld	30	40
Hjúkrunarfræðingur	13	13
Matsalur	150	200
Myndmennt / náttúrufræði	50	50
Salerni / handþvottur	20	30
Sameiginleg rými (gangar oph.)	50	100
Sérkennslurými x2	30	40
Skólabókasafn (í opnu rými)	0	0
Skrifstofur skólastjórnenda	20	20
Tölvur	50	50
Tónlistarskólastofur/álma við grunnskólann	25	50
Tónmennt	50	50
Vörumóttaka	5	5
Samtals lágmark/hámark	693	908

Kostnaðarþættir

Byggingarmagn m.v. rýmisþörf m2			
	Verð á m2	Fermetrar mv. rýmisþörf	
		693	908
Reykjanesbær skv. útboði	350.000	242.550.000	317.800.000
Kópavogur - skot	400.000	277.200.000	363.200.000
Borgarbyggð - skot (lægri mörk)	450.000	311.850.000	408.600.000
Borgarbyggð - skot hærri mörk)	500.000	346.500.000	454.000.000
Hveragerði (raunkostn. við leikskóla m/búnað og hönnun)	618.000	428.274.000	561.144.000



Sveitarstjórn 14.12.2017.
Guðný Hrund Karlsdóttir

Tillaga að framvindu

Janúar 2018:

- Byggingarnefnd skipuð.
- Tillögur fari til umræðu og umsagnar nemenda / nemendaráðs.
- Tillögur fari til umræðu og umsagnar fræðslu- og skólaráðs.
- Tillögur fari í almenna kynningu og frestur gefinn til athugasemda.

Febrúar 2018

- Endanlegar tillögur staðfestar af sveitarstjórn.
- Skilgreining á kröfum til hönnunaraðila sem gætu tekið þátt í forvali.
- Matsaðferðir og viðmið skilgreind um val á hönnunaraðila áður en þeir hafa skilað teikningum.
- Forskrift send hönnunaraðilum í forvali.

Apríl 2018:

- Hönnunaraðilar í forvali skila teikningum og hönnunaraðili valinn samkvæmt viðmiðum og matsaðferðum sem ákveðnar voru í febrúar.